



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 31. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni), 778. mál, stjórnarfrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni), 778. mál, á 139. lögjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 18. maí sl.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið er í meginatriðum samið af nefnd sem skipuð var af dóms- og kirkjumálaráðherra 22. desember 2008. Nefndin fékk það hlutverk að meta hvort ákvæði barnalaga frá 2003 tryggðu á viðeigandi hátt þá hagsmuni sem lögunum var einkum ætlað að standa vörð um og hvort ákvæðin tækju nægilegt tillit til mismunandi aðstæðna fjölskyldna og þeirrar þróunar og viðhorfsbreytinga sem orðið hafa í samfélaginu. Frumvarpið er yfirgripsmikið og felur í sér margvíslegar mikilvægar breytingar.

LÍ vill sérstaklega fjalla um tvær breytingar, sem lagðar eru til með frumvarpinu, og sem snúa að læknum sérstaklega:

1. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 28. gr. barnalaga bætist við ný grein, 28. gr. a, sem hafi fyrirsögnina *Almennt um inntak sameiginlegrar forsjár*. Lagt er til að í hinni nýju grein komi fram að þegar foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns skuli þeir taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn. Jafnframt er lagt til að í ákvæðinu segi að ef foreldrar búi ekki saman hafi það foreldri sem barn eigi lögheimili hjá heimild til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, s.s. um hvar barnið skuli eiga lögheimili innanlands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómstundastarf. Í skýringum með 5. gr. frumvarpsins er nánar útskýrt hvað átt sé við með annars vegar venjulegri og hins vegar nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Þar kemur fram að með venjulegri heilbrigðisþjónustu er átt við minni háttar heilbrigðisþjónustu, s.s. reglubundið ungbarnaeftirlit, lækniástoð vegna minni háttar kvilla og reglubundna tannlæknaþjónustu. Með nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er hins vegar átt við þá þjónustu sem heilbrigðisstarfsmenn mæla með en undir hana geti fallið hvers konar rannsóknir og greining en einnig meðferð, lyfjagjöf og aðgerðir. LÍ getur fallist á að það sé til bóta að ákveða með þessum hætti hvort foreldranna ráði, þegar kemur að venjulegri heilbrigðisþjónustu en telur engu að síður að greinin að þessu leyti brjóti í bága við skýr fyrirmæli í 26. gr. laga um réttindi sjúklinga. Þar kemur fram að foreldrar sem fara með forsjá barns eigi að samþykkja nauðsynlega meðferð barns, sem er 16 ára eða yngri. Í 26. gr. laga um réttindi sjúklinga er síðan nánar fjallað um það til hvaða úrræða skuli grípa ef foreldrar samþykkja ekki nauðsynlega meðferð. LÍ sér ekki betur en að með þeirri breytingu sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins verði misræmi í annars vegar ákvæðum barnalaga, sem eru almenn lög og hins vegar ákvæðum laga um réttindi sjúklinga, sem eru sérlög. LÍ óskar eftir því að þetta atriði verði sérstaklega skoðað af hálfu allsherjarnefndar Alþingis og lýsir sig reiðubúið til samvinnu við nefndina í því sambandi.

2. 200Í 26. gr. frumvarpsins eru lagðar til orðalagsbreytingar á 52. gr. barnalaga, en í þeirri grein er fjallað um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um barn. Þó orðalag 1. mgr. 52. gr. barnalaga beri það ekki með sér þá hefur framkvæmdin verið sú að forsjárlaust foreldri eigi einvörðungu rétt á munnlegum upplýsingum um m.a. heilsufar barns síns. Byggir sú framkvæmd á lögskýringargögnum. Með breytingunni í frumvarpinu er lagt til að sú framkvæmd verði lögfest. Lí telur að æskilegra væri að lögfesta rétt forsjárlausra foreldra til skriflegra upplýsinga um heilsufar barna sinna og vandséð er hvað réttlætir að forsjárlaust foreldri eigi einvörðungu rétt á munnlegum upplýsingum um þessi efni. Lí telur þó tvímælalaust til bóta að fortakslaust komi fram í lagaákvæðinu sjálfu á hvaða formi heilsufarsupplýsingar megi veita, því félaginu er kunnugt um að framkvæmd hefur verið á reiki varðandi þetta atriði og valdið læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum vandkvæðum.

Lí er að sjálfsögðu reiðubúið til að koma á fund allsherjarnefndar Alþingis til að ræða nánar þau atriði sem að framan eru gerð að umfjöllunarefni.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands



Birna Jónsdóttir,
formaður.